

139

22. júl.

Eins og þjer bendið á, var í tillögum amtsráðsins í norður- og austurumdæmi um byggingu þjóðjarða ætlað á, að færa mætti niður landsskuldina af jörðunni Steinnesi um 60 álnir. Með 4. og 5. grein ráðgjafabréfs frá 25. maí 1880 (B. 89) var ákveðið að taka skyldi tillit til uppástungna þessara, þegar ákveðnir væru byggingarskilmálar fyrir hinar einstöku jarðir en þessar tillögur voru ekki staðfestar þannig, að það verði sagt, að sjerhver jörð, sem í þeim er nefnd, hafi fengið nýjan leigumála með þeim, og er sjerstaklega í 5. gr. c. tjeðsbrjefs tekið fram, að með fram beri, þegar þjóðjörð sje byggð, að taka tillit til álnotölu eptirgjaldsins, sem hingað til hefir verið. Hvað nú sjerstaklega Steinnes snertir, þá leiðir af því; að jörð þessi er útlögð prestakalli til ábúðar, að ekki er mögulegt að gera með tilliti til hennar ráðstafanir þær, sem fyrirskipaðar eru í tjeðu ráðgjafabréfi, áður en leigumálinn er færður niður úr því, er hann áður hefir verið. Álíti presturinn, að leigumáli sá, sem áður hefir verið á jörðunni, sje of þungbær, verður hann að láta meta jörðina til afgjalds af 2 búfróðum mönnum, og útvega þær aðrar skýrslur, sem nauðsynlegar eru eða hentugar til þess að dæma um, hvort rjett sje að færa leigumálann niður; en þangað til það er gert, verður að sitja við 300 álna leigumála þann, er hingað til hefir verið á jörðunni.

Að því er snertir jarðabætur þær, er presturinn er skyldur að framkvæma, vísa jeg til 6. greinar ráðgjafabréfs frá 25. maí 1880, og er jeg yður, herra amtmaður, samdóma um, að hann sje skyldur til árlega og án þóknunar að framkvæma þær jarðabætur, sem ekki útheimta leigða verkamenn.

Jeg finn ekkert því til fyrirstöðu, að skyldur prestsins sem ábúanda á jörðunni Steinnesi, sjeu til teknar í byggingarbrjefi; en það er vitaskuld, að taka beri fram í slíku brjefi, að ábúð prestsins sje takmörkuð við embættistíma hans.

140.

28. júl.

Reglugjörð

fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

1. grein.

Ætlunarverk skólans er að veita þeim, sem í hann ganga, almenna menntun.

2. grein.

Fræðigreininir þær, er kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landfræði, einkum þó landfræði og saga landsins ásamt yfirliti yfir löggjöf þess í landsrjetti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, einföld dráttlist, og í náttúrufræði meginatriði úr mannfæði, dýrfæði, grasfræði, steinfræði, jarðfræði, eðlisfræði og efnfræði, söngur og leikfimi.

3. grein.

Áður en nokkur piltur kemst í skólann, verður hann að sýna skilríki fyrir því,

a. að siðferði hans sje óspilt,

b. að hann sje bólusettur,

c. að hann sje fermdur,

d. að hann sje vel læs og skrifandi,

e. að hann þekki svo stafsetningu móðurmáls síns, að hann kunni að skrifa það stórlýtalaust.

4. grein.

Kennslunni í skólanum skal svo hagað, að henni verði lokið á 2 vetrum.

5. grein.

Skólaárið telst frá 1. október ár hvert til 14. maí árið þar á eftir.

6. grein.

Skólastjóri semur á hverju ári lestöflu og sendir hana stiptsyfirvöldunum til samþykktar.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi: jólaleyfi frá 24. degi desembermánaðar og til 2. dags janúarmánaðar; páskaleyfi frá deginum fyrir skírdag til 3. í páskum.

7. grein.

Kveld og morgna skulu bænir haldnar í skólanum.

8. grein.

Skólastjóri hefir umsjón með skólahúsinu; hann hefir og byggingarráð og umsjón með ábúð jarðarinnar Möðruvalla, en kostnað þann, er leiðir af þvotti skólastofanna, svefnherbergjanna og annara húsa, er skólinn á, fær hann endurgoldinn eftir rjettum reikningi.

9. grein.

Piltum er frjálst að fæða sig sjálfir; en skyldur er búandinn á Möðruvöllum að selja þeim piltum fæði og þjónustu, er óska þess, með þeim kjörum, er skólastjóri ákveður; hann skal og hafa eptirlit með fæðissölunni og úrskurðarvald í hverjum þeim greinum, er verða kunna milli fæðissalans og pilta; en áfrýja má úrskurðum hans til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu.

10. grein.

Opinbert próf skal haldið fyrir lok skólaárs hvers, og prófað í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar hafa verið á skólaárinu. Amtmaðurinn yfir norður og austurumdæminu kveður 2 utanskólamenn til að vera prófdómendur með kennurum skólans við burtfararprófið. Skulu þeir gefa stutta skýrslu skriflega ár hvert um ástand skólans og kennslunnar,

11. grein.

Fyrir hverja af námsgreinum þeim, sem í skólanum eru kenndar, skal gefa sjerstaka einkunn.

Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa, afarilla, er jafngilda tölunum 6, 5, 4, 3, 2, 1. Við þessar einkunnir má bæta + eða ÷, er hækkar eða lækkar einkunnina um $\frac{1}{3}$; verður þá ágætlega ÷ = $5\frac{2}{3}$, dável + = $5\frac{1}{3}$, dável ÷ = $4\frac{2}{3}$, vel + = $4\frac{1}{3}$ o. s. frv. Hærri einkunn en 6 og lægri einkunn en 1 gefast ekki.

Þá er aðaleinkunnina skal draga út úr hinum einstöku einkunnum, skal við hafa annan mælikvarða; gildir þá ágætlega = 8, dável = 7, vel = 5, laklega = 1, illa = ÷ 7 og afarilla = ÷ 23, og ef brot eru í einkunninni, skal reikna þau þannig: ágætlega ÷ = $7\frac{2}{3}$, dável + = $7\frac{1}{3}$, dável ÷ = $6\frac{1}{3}$, vel + = $5\frac{2}{3}$, vel ÷ = $3\frac{2}{3}$, laklega + = $2\frac{1}{3}$, laklega ÷ = ÷ $1\frac{2}{3}$, illa + = ÷ $4\frac{1}{3}$, illa ÷ = ÷ $12\frac{1}{3}$, afarilla + = ÷ $17\frac{2}{3}$.

Við burtfararprófið þarf

til fyrstu ágætiseinkunnar.	60 stig
— fyrstu einkunnar	48 —
— annarar einkunnar	36 —
— þriðju einkunnar	24 —

og skal þá reikna $\frac{1}{2}$ stig eða meira sem heilt, en kasta burt brotum, sem eru minni en $\frac{1}{2}$. Nái einhver eigi 24 stigum í prófinu, skal svo álita, sem hann eigi hafi staðizt prófið

140

12. grein.

28. júlí.

Í burtfararskírteininu skal tilgreina hinar sjerstöku einkunnir, og aðaleinkunn þá, er hinn prófaði fær.

Heimilt er utanskólamönnum að fá vitnisburð skólans um kunnáttu sína í fræðigreinum þeim, sem kenndar eru í skólanum.

13. grein.

Bæði skólastjóri og kennarar skólans skulu hafa nákvæmt eptirlit með siðferði lærisveina. Þeir ráða og, hverjir piltar eru fluttir úr neðri kennsludeild skólans upp í hina efri. Gjörir piltar sig seka í einhverri óreglu, sem hindrar tilgang skólans, hefir skólastjóri vald til að vísa þeim burt. Með leyfi stíptsyfirvaldanna hefir hann og vald til að vísa lærisveinum burt, eptir eins árs skólaveru, ef hann álitur þá óhæfa til náms, eður veru þeirra í skólanum á einhvern hátt skólanum til ógagns.

Við lok hvers skólaárs skal skólastjóri senda stíptsyfirvöldunum skýrslu um aðgjörðir skólans hið liðna ár.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 28. júlí 1882.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Reikningar

sjóða, sem eru undir stjórn amtmannsins í norður- og austurumdæminu.

141

Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1881.

Tekjur.

Kr. a. Kr. a.

1. Eptirstöðrar eptir reikningum fyrir árið 1880:

a. Fyrirfram borgað úr sjóðnum	157 75	
b. Óborgað jafnaðarsjóðsgjald við árslok 1880	49 "	
c. Í peningum	1270 74	1477 49

2. Á árinu 1880 var 14 aukum jafnað niður á hvert lausafjrhundrað í amtinu, og er gjald þetta eptir meðlögðum reikningum

a. úr Húnavatnssýslu	787 1	
b. — Skagafjardarsýslu	670 95	
c. — Eyjafjardarsýslu	582 26	
d. — Þingeyjarsýslu	614 80	
e. — Norðurmúlasýslu	612 36	
f. — Suðurmúlasýslu	546 56	3813 94

3. Eptirstöðvar af fyrra árs jafnaðarsjóðsgjaldi sbr. reikninginn fyrir 1880 11. b. innborgað

49 " 49 "

4. Endurborganir:

a. Málskostnaður í máli sýslumanns P. Bövings á móti ritstjóra Jóni Ólafssyni, sbr. reikninginn fyrir 1880 11. a. og skýrslu yfir fyrirframborganir	156 "	
b. Málsfærslulaun við undirjettinn í máli á móti Stefáni Stefánssyni, sbr. reikninginn fyrir 1880 1.	20 "	176 "

Samtals 5516 43